

**Ed.**

**250. Nefndarálit**

[126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1975.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Þegar frv. um 1% sjúkratryggingagjald kom fram á þinginu 1975 var það skýrt tekið fram, að um bráðabirgðaráðstöfun væri að ræða, enda giltu þau lög aðeins til ársloka 1976.

Lögin voru síðan framlengd á síðasta þingi, að vísu með nokkurri breytingu á innheimtuaðferð. Þá var einnig nokkuð dregið úr augljósasta ranglætinu í skattheimtunni, þó ekki væri á það hlýtt við lagasetninguna 1975, þegar stjórnarandstaðan bar fram sjálfsögðustu breytingartillögur.

Nú er það komið í ljós, að hér er um mikla upphaldsaðferð í skattheimtu að ræða hjá núv. ríkisstjórn, því nú á að færa 1% gjaldið upp í 2% og þannig er lagður á flatur skattur, sem nemur á næsta ári nær fjórum milljörðum. Er það í góðu samræmi við aðrar aðgerðir þessarar hæstv. ríkisstjórnar, því vandfundin er öllu ranglåtari skattheimta en hér er viðhöfð.

Í fyrsta lagi er hér um skatt að ræða, sem ekkert tillit tekur til fjölskyldu- stærðar skattþola.

Í öðru lagi er hér um flatan skatt að ræða, sem leggst á mjög lágar tekjur, án alls frádráttar, nema í þeim undantekningartilfellum sem í frv. eru talin upp. Í þriðja lagi er seilst í vaxandi mæli inn á tekjusvið sveitarfélaga og þannig er óbeint að þeim þrengt.

Þar við bætist svo það, að í samningunum við verkalýðshreyfinguna í vor var samið um verulega skattalækkun.

Með rangri skattvísitölu í ár og einnig á næsta ári eru þessi loforð að fullu svikin, og til viðbótar á svo að auka skattheimtu með þessum hætti um tvo milljarða.

En ríkisstjórninni finnst ekki nóg að gert, og m. a. leggur hún til að auka 500 millíónum í ríkissjóð með hækkun lyfjaverðs og gjaldtöku fyrir sérfræðipjónustu. Ríkið gerir þannig sjúkdóma og slys að sérstökum tekjustofni fyrir sig. Hér er um andfélagslega gjaldheimtu að ræða, og þetta frv. er á sömu viðhorfum byggt. Því leggjum við til að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1977.

Helgi F. Seljan,  
frsm.

Eggert G. Þorsteinsson.